

Neytendastofa  
Borgartúni 21  
105 Reykjavík

Reykjavík, 24. október 2017

## Efni: Athugasemdir varðandi kvörtun Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði um villandi hillumerkingar í íslenskum verslunum

I.

Þann 19. október síðastliðinn birtust fréttir þess efnis að Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM) hefðu sent inn kvörtun til Neytendastofu þess efnis að hillumerkingar í íslenskum verslunum væru villandi.

Í fréttum var rætt við skrifstofustjóra SAM, Bjarna R. Brynjólfsson, sem greindi frá því að málið sneri að nokkrum vörum.<sup>1</sup> Segir hann: „*Til að mynda eins og möndlumjólk, sem er gerð úr möndlum og sannarlega ekki mjólk, sjáðu til, maður mjólkar ekki möndlur. Einnig er um að ræða ólífusmjör sem er ekki smjör heldur smjörlíki og einnig höfum við séð búðing, sem búinn er til úr haframjöli, merktur sem jógúrt.*“

Þá segir Bjarni að Neytendastofa hafi tekið undir gagnrýni SAM og sent bréf til verslana í landinu.

Félag atvinnurekenda (FA) hefur undir höndum bréf SAM til Neytendastofu dags. 29. ágúst 2017. Þar kemur m.a. fram að SAM óski eftir viðbrögðum Neytendastofu vegna blekkjandi og villandi viðskiptahátta þar sem orðstír vöruheita mjólkur og mjólkurafurða sé hagnýttur með villandi hætti. Vísar SAM til ákvæða 9., 14. og 15. gr. laga nr. 57/2005. Í bréfi Neytendastofu til verslana dags. 10. október 2017 kemur fram að Neytendastofa telji ákvæði 5. gr. og 8. gr. laga nr. 57/2005 einnig geta átt við um kvörtunina.

II.

FA hafnar því að vörur þær sem SAM vísar til og aðrar eðlislíkar séu markaðssettar með blekkjandi og villandi hætti og telur nauðsynlegt að koma að eftirfarandi athugasemdum í þessu máli.

- Stór hluti neytenda jurtamjólkur og afleiddra vara eins og jógúrt og osta neyta þeirra af heilsufarsástæðum, þ.e.a.s. vegna mjólkurofnæmis eða mjólkuróþols. Þá er hluti neytenda sem kýs að neyta ekki dýraafurða, þ. á m. kúamjólkur. Meintur orðstír mjólkur og mjólkurafurða hefur eðli málsins samkvæmt engin áhrif á kauphegðun þessara neytenda, þ.e. þeir velja vörurnar vegna dýramjólkurleysis þeirra en ekki vegna þess að orðið *mjólk* er í heiti þeirra eða í hillumerkingum.

<sup>1</sup> Frétt á visir.is 19. október 2017: <http://www.visir.is/g/2017171018717/mondlumjolk-skilin-fra-dyramjolk-i-verslunum>  
Frétt á vb.is 19. október 2017: <http://www.vb.is/frettir/madur-mjolkar-ekki-mondlur/142202/>

- Ljóst er af orðabókarskilgreiningu að dýramjólk er ekki eina tegund mjólkur sem fyrirfinnst. Í íslensku orðabók er mjólk skilgreind á þrjá vegu. Fyrsta tegundin tekur til dýramjólkur. Svo segir: „mjólk. ... 2. safi ýmissa plantna : fíflamjólk. 3. svil úr fiski.“<sup>2</sup> Þá er mjólkurheitið gjarnan notað yfir ákveðnar snyrtivörur; hreinsimjólk en heiti þeirrar vöru inniheldur einnig orðið mjólk á ensku og frönsku – til dæmis *Cleansing milk* og *Lait Démaquillant Velours*.

Orðið smjör er að sama skapi ekki einskorðað við smjör gert úr kúamjólk. Þar má nefna hnetusmjör sem skilgreint er í orðabók sem „þykkt mauk úr hnetum, oftast jarðhnetum, notað t.d. sem álegg.“ Orðið hefur lengi verið notað um þessa tegund álegs án þess að talin hafi verið hætt á ruglingi við kúasmjör.

Tilvísun SAM til skilgreiningar mjólkur samkvæmt reglugerð um mjólkurvörur nr. 851/2012 breytir hér engu enda er þar um að ræða þrönga skilgreiningu á hugtakinu mjólk eins og sést af orðalagi 2. gr. þar sem segir *mjólk er samkvæmt reglugerð þessari...* Gildissvið skilgreiningarinnar er þannig strax takmarkað.

- Notkun á málsliðnum –mjólk, -jógúrt og -ostur um þær vörur sem um ræðir er almenn hér á landi og má segja að hún sé venjuhelguð. Bent er á að ávallt þegar um þessar vörur er talað eða til þeirra vísað er fyrri hluti orðsins nánari lýsing, þ.e. haframjólk, sojamjólk, möndlumjólk, jurtaostur, hafrajógúrt o.s.frv. Sést það á hillumerkingum þessara vara. Erlend orð yfir vörurnar innihalda að sama skapi orðið mjólk; plant milk, rice milk, oat milk o.s.frv.
- Þessar vörur eru alla jafna afmarkaðar sérstaklega í verslunum, til dæmis í sérhillum (sjá meðfylgjandi mynd). Umbúðirnar eru ólíkar umbúðum dýramjólkur auk þess sem þær eru flestar ef ekki allar á ensku. Þá eru þessar vörur að jafnaði mun dýrari en dýramjólk og munar þar nokkur hundruð krónum á lítranum. Því má telja hverfandi líkur á því að neytandi taki óvart jurtamjólk í stað dýramjólkur og breytir hillumerkingin þar engu um.

Ákvæði 5. gr. laga nr. 57/2005 kveður á um að óréttmætir viðskiptahættir séu bannaðir. Í 8. gr. er nánar kveðið á um hvað felst í óréttmætum viðskiptaháttum. Þar segir:

- [8. gr. Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.  
 Ráðherra kveður í reglugerð<sup>1)</sup> á um þá viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir.]<sup>2)</sup>

Eitt af skilgreiningaratriðum óréttmætra viðskiptahátta samkvæmt þessari grein er að þeir raski verulega eða séu líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Með hliðsjón af þeim atriðum sem rakin voru að framan verður ekki séð að markaðssetning þessara vara og kynning þeirra með viðskeytinu –mjólk, -jógúrt eða –ostur hafi nein áhrif á

<sup>2</sup> Íslensk orðabók. Ritstjóri Árni Böðvarsson. Reykjavík 1993, önnur útgáfa.

kauphegðun neytenda. Almennt er það einmitt dýramjólkurleysi varanna sem er ákvarðandi þáttur í því að neytandinn velur að kaupa þær.

Í 9. gr. laganna er nánar skilgreint hvenær viðskiptahættir teljast vera villandi.:

- [9. gr. Viðskiptahættir eru villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja neytendur eða eru með þeim hætti að neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um viðskipti. Hér er átt við rangar upplýsingar um:
- eðli vöru eða þjónustu og hvort varan sé til eða þjónustan fyrir hendi,
  - helstu einkenni vöru eða þjónustu, t.d. notkun, samsetningu eða árangur sem vænta má af notkun hennar,
  - þjónustu við viðskiptavini, meðferð kvartana, dagsetningu framleiðslu eða aðferð við framleiðslu,
  - verð vöru eða þjónustu eða aðferð við útreikning á verði og hvort um sértíloð eða annað verðhagræði sé að ræða og hvort það sé háð skilyrðum,
  - þörf fyrir þjónustu, varahluti, skipti á hlutum og viðgerðir,
  - réttindi, hæfni eða annað sem varðar aðstæður söluaðila eða fulltrúa hans, stöðu hans á markaði, skyldur, vörumerki og önnur hugverkaréttindi,
  - lögbundin réttindi neytanda.
- Viðskiptahættir eru villandi ef ekki er greint frá upplýsingum sem telja má að almennt skipti máli fyrir neytendur eða þeim er leynt og þær eru til þess fallnar að hafa áhrif á ákvörðun neytanda um að eiga viðskipti.] <sup>1)</sup>

Við markaðssetningu þessara vara hvort sem er í almennum auglýsingum, uppstillingu í búðum eða á hillumerkingum kemur skýrt og greinilega fram að um vöru úr jurtaríkinu er að ræða, sbr. orðin haframjólk, hrísmjólk, jurtaostur og hafrajúgúrt. Á umbúðum varanna er gjarnan mynd af aðalinnihaldsefni, t.d. möndlur á möndlumjólkinni auk þess sem merkt er að varan sé vegan sem þýðir að hún inniheldur engar dýraafurðir. Afar ólíklegt er að hillumerking þar sem fram kemur málsliðurinn -mjólk geti ein og sér leitt til þess að viðkomandi haldi að um sé að ræða íslenska dýraafurð. Þær upplýsingar sem neytandinn fær m.a. um eðli vörunnar, af umbúðum og hillumerkingu, eru skýrar um að varan sé upprunnin úr jurtaríkinu. Ekki verður því séð hvernig markaðssetning þessara vara sé villandi og líkleg til að blekkja neytendur með þeim afleiðingum að þeir ákveði að kaupa jurtamjólk í stað dýramjólkur.

Þá verður ekki séð hvernig títtnefnd markaðssetning varanna verður talin brjóta gegn 14. og 15. gr. laganna og verður að gera kröfu um að SAM rökstyðji þau meintu brot frekar.

Í áðurnefndum fréttum er vísað til þess að í Evrópureglugerðum séu mjólkurafurðir varðar gegn því að menn noti heiti þeirra á vörur sem eru gerðar úr öðru en mjólki. Lögð er áhersla á að reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1308/2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir hefur ekki verið innleidd hér á landi. Með erindi SAM til Neytendastofu fylgir fréttatilkynning Evrópudómstólsins um dóm í svokölluðu TofuTown máli C-422/16 og þannig látið að því liggja að niðurstaða þess dóms hafi bein áhrif á fyrirbyggjandi mál.<sup>3</sup> Rétt er að reglugerðin kveður á um þá meginreglu að heitin mjólki og mjólkurvörur megi einungis nota um tiltekna vörur sem taldar eru upp í viðauka. Hins vegar er sérstaka undanþágu að finna í 5.-lið III. hluta VII. viðauka.

<sup>3</sup> Dómur Evrópudómstólsins í máli C-422/16 dags. 14. júní 2017.

<http://curia.europa.eu/juris/document/document.jsf?docid=191704&mode=req&pageIndex=1&dir=&occ=first&part=1&text=&doclang=EN&cid=477119>

5. Ekki má nota heitin sem um getur í 1., 2. og 3. lið fyrir aðrar afurðir en þær sem þar um getur.

Þó gildir þetta ákvæði ekki um heiti afurða sem nákvæmlega er vitað hvers eðlis eru vegna hefðbundinnar notkunar þeirra og/eða ef heitin eru greinilega notuð til að lýsa einkennandi eiginleikum afurðarinnar.

Líkt og kemur fram í dóminum er listi yfir þau orð sem undanskilin eru meginreglunni að finna í ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB 2010/791/EB en eftir brottfall fyrri reglugerðar nr. 1234/2007 eigi að skilja tilvísanir til þeirrar reglugerðar sem tilvísanir til hinnar nýju nr. 1308/2013.<sup>4</sup>

Í 3. mgr. formála ákvörðunarinnar kemur fram að aðildarríki skuli tilkynna framkvæmdastjórninni um lista yfir vörur sem þau meta svo að falli undir undanþáguna. Í l. viðauka ákvörðunarinnar er að finna lista fyrir þónokkur lönd og er mismunandi milli þeirra hvaða vörur eru taldar upp en það ræðst væntanlega af málvenju í hverju landi fyrir sig. Sérstaklega er bent á að möndlumjólk er t.d. að finna á spænska og franska listanum. Kókosmjólk er á flestum listum sem og hnetusmjör, kakósmjör og möndlusmjör.

Ekki hefur verið búinn til listi fyrir íslensk orð þar sem reglugerðin hefur ekki verið innleidd en þegar að því kemur hlýtur hann að byggjast á íslenskri málvenju. Ekkert er hægt að fullyrða fyrirfram um hvaða orð munu vera á þeim lista og hver ekki. Þannig getur vel verið að möndlumjólk sem SAM tilgreinir sérstaklega muni verða á listanum og þar með heimilt að markaðssetja hana undir því nafni. Vert er að geta þess að innleiðingu er ekki að fullu lokið fyrr en slíkur listi liggur fyrir.

Að lokum er bent á að Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir undir yfirumsjón Matvælastofnunar eru hin lögbæru stjórnvöld hvað varðar matvæli; t.d. er varðar öryggi þeirra, markaðssetningu, merkingar o.fl. sbr. lög nr. 93/1995 um matvæli. Hvorki Matvælastofnun ná heilbrigðisnefndir sveitarfélaga hafa gert athugasemdir við markaðssetningu jurtamjólkur og afleiddra vara.

### III.

Með hliðsjón af öllu ofangreindu er því alfarið hafnað að markaðssetning (þ.m.t. hillumerkingar) jurtamjólkur og afleiddra vara sé í andstöðu við ákvæði laga nr. 57/2005. Þá verður ekki séð að reglugerð nr. 1308/2013/EB og dómur Evrópudómstólsins í máli C-422/16 hafi áhrif á niðurstöðu málsins eins og það liggur fyrir.


Samkvæmt upplýsingum FA hefur Neytendastofa ekki tekið neina ákvörðun eða látið uppi afstöðu sína í máli þessu og telur FA það ámælisvert að kvartandi gangi út frá niðurstöðu máls sér í hag og gefi í skyn afstöðu stjórnvalds í fjölmiðlum. Af bréfi Neytendastofu er ljóst að stofnunin hefur enga ákvörðun tekið í málinu heldur einungis óskað eftir skýringum eða

<sup>4</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnar 2010/791/EB dags. 20. desember 2010. <http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32010D0791&from=EN>

athugasemddum. Mikilvægt er að Neytendastofa leiðrétti opinberlega umræddan málflytning að því marki sem hann er í andstöðu við staðreyndir málsins.

FA fer fram á að félagið verði upplýst um framvindu málsins og áskilur sér allan rétt á að koma að frekari athugasemddum á síðari stigum.

Virðingarfyllst,



Inga Skarphéðinsdóttir lögfræðingur FA

